

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 10. október 2025

Efni: Umsögn um áform um breytingar á uppgjorsreglum virðisaukaskatts o.fl.

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til ofangreinds áformaskjals ráðuneytisins, sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda 12. september sl.

Í skjalinu eru þrjár megingintillögur, sem ráðuneytið segist hafa til skoðunar.

1. Lagt er til að uppgjörstímabil virðisaukaskatts verði fyrir flest fyrirtæki einn mánuður í stað tveggja og að gjalddagi virðisaukaskatts verði 21. dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils, í stað þess að vera einum mánuði og fimm dögum eftir lok uppgjörstímabils.
2. Lagt er til að breytingar verði gerðar á innheimtu virðisaukaskatts vegna innflutnings vöru fyrir skattskylda starfsemi, þannig að aðilar sem eru skráðir á virðisaukaskattskrá, eru í skilum við ríkissjóð og sæta ekki áætlun virðisaukaskatts, þurfi ekki að greiða sérstaklega virðisaukaskatt vegna innflutnings vöru fyrir skattskylda starfsemi sína. Þess í stað sé gerð grein fyrir virðisaukaskatti vegna innflutnings og á móti telji aðilar virðisaukaskatt til innskatts á vsk-skýrslu. Þannig þurfi ekki að bíða eftir endurgreiðslu innskatts í allt að 41 dag.
3. Til skoðunar er að stytta greiðslufrest aðila, sem skráðir eru á virðisaukaskattskrá, á öðrum aðflutningsgjöldum til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á uppgjöri og skilum á virðisaukaskatti.

Fyrsta tillagan og sú þriðja eru augljóslega íþyngjandi fyrir fyrirtæki og hafa neikvæð áhrif á fjárstreymi þeirra. Önnur tillagan er hins vegar ívilnandi fyrir fyrirtæki sem stunda innflutning vegna skattskyldrar starfsemi.

Í greinargerð í áformaskjalinu er rakið að tveggja mánaða uppgjörstímabil virðisaukaskatts leiði til hærri fjármagnskostnaðar fyrir ríkissjóð, þar sem ríkið þurfi að bíða eftir tekjum og fjármagna sig á meðan með skammtímalánum við aðstæður hallarekstrar, en ef afgangur sé af ríkisrekstrinum verði ríkissjóður af vaxtatekjum. Fyrsta og þriðja tillagan ganga í raun út á að færa fjármagnskostnaðinn yfir á fyrirtækin í landinu. Stytting uppgjörstímabils og styttri greiðslufrestur þýðir í ýmsum tilvikum að fyrirtækin eru ekki búin að fá vörur sínar greiddar þegar þau þurfa að standa skil á virðisaukaskatti og þurfa þá sjálf að grípa til skammtímafjármögnunar, iðulega á mun óhagstæðari kjörum en ríkissjóður nýtur.

Önnur tillagan kemur til móts við áður nefnt óhagræði hjá fyrirtækjum sem eru í innflutningi og hefur jákvæð áhrif á fjárstreymi þeirra. FA hefur lengi talað fyrir sambærilegum ívilnunum fyrir innflutningsfyrirtæki.

Mismunandi er eftir fyrirtækjum hvort heildaráhrifin yrðu jákvæð eða neikvæð. Fyrir fyrirtæki, sem eru ekki í innflutningi, verður hins vegar ekki annað séð en að heildaráhrifin af því að hrinda þessum hugmyndum ráðuneytisins í framkvæmd yrðu afar neikvæð.

Fyrsta og þriðja tillagan hefðu ekki eingöngu neikvæð áhrif á fjárstreymi og fjármagnskostnað fyrirtækja. Líklegt er að gengju þessar breytingar eftir, myndu þær almennt þrýsta á styttingu greiðslufrests í viðskiptalífinu. Ef við horfum t.d. á viðskipti heildsala og smásala, er sennilegt að sú stytting kæmi fremur niður á minni smásölufyrirtækjum, vegna þess að stærri smásölukeðjur eru einfaldlega í betri samningsstöðu gagnvart birgjum. Þannig er full ástæða til að hafa áhyggjur af að samkeppnisleg áhrif breytinganna yrðu neikvæð.

Breytingar af þessu tagi myndu einnig hafa í för með sér aukna vinnu og umstang í bókhaldsdeildum fyrirtækja, sérstaklega þeirra minni og meðalstóru, við að kalla eftir reikningum og fá þá samþykkt og bókaða, með tilheyrandi kostnaði. Líklegt er að orlofsskipulag margra fyrirtækja yrði til dæmis í uppnámi og afleysingakostnaður hærri. Að mati FA einfaldar ráðuneytið málið alltof mikið og horfir framhjá veruleikanum í rekstri fyrirtækja þegar það fullyrðir að rafrænar vsk-skýrslur og bókhaldskerfi leysi málið og auðveldi styttingu á uppgjörstímabilum.

FA getur ekki fallið á það sem fram kemur í greinargerðinni, að stytting vsk-tímabilsins í einn mánuð sé nauðsynleg til að berjast gegn skattsvikum og misnotkun kerfisins, en tekur hins vegar undir að rétt sé að hverfa frá ársskilum, sex mánaða skilum og bráðabirgðaskilum.

Af framansögðu má ráða að FA telur rétt að fara varlega í þær breytingar sem eru reifaðar í áformaskjalinu. Félagið hvetur ráðuneytið til að skoða vel áhrif breytinga á uppgjörstímabili og gjalddögum virðisaukaskatts og annarra aðflutningsgjalda, sérstaklega á gjaldfresti í viðskiptum, samkeppni og kostnað minni og meðalstórra fyrirtækja. Félagið myndi hins vegar fagna breytingum á meðferð virðisaukaskatts af innflutningi vegna skattskyldrar starfsemi.

FA áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Þá er félagið að sjálfsögðu reiðubúið að funda með ráðuneytinu.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA